

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 18. apríl 2024 eftirfarandi:

Norðurhluti Urriðaholts, 3. áfangi, Vorbraut 22-28, deiliskipulagsbreyting.

Breytingin gerir ráð fyrir félagsheimili Oddfellowreglunnar á lóð nr. 28. Lóð sem fyrir breytingu er lóð nr. 20-26 breytist í lóð nr. 20-24. Vestari hluti þeirrar lóðar verður sérstök lóð sem er ætluð undir bílastæði, en einnig verði heimilt að byggja bílakjallara á lóðinni.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. júní 2024.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 14. júní 2024